

Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-október 2011

Greiðsluuppgjör ríkissjóðs fyrir fyrstu tíu mánuði ársins 2011 liggur nú fyrir. Handbært fé frá rekstri var neikvætt um 58,9 ma.kr. en var neikvætt um 54,7 ma.kr. á sama tímabili 2010. Tekjur drógust saman um 3,5 ma.kr. en á sama tíma jukust gjöldin um 1,2 ma.kr. milli ára. Þetta er betri niðurstaða en í áætlunum þar sem gert var ráð fyrir að handbært fé frá rekstri yrði neikvætt um 64,7 ma.kr.

Sjóðstreymi ríkissjóðs janúar-október 2011 (m.kr.)

	<u>2007</u>	<u>2008</u>	<u>2009</u>	<u>2010</u>	<u>2011</u>
Innheimtar tekjur	354.991	369.397	345.167	373.849	370.350
Greidd gjöld	296.464	355.813	446.178	429.669	430.877
Tekjujöfnuður	58.526	13.584	-101.012	-55.820	-60.527
Breyting rekstrartengdra eigna og skulda	-2.543	10.605	-6.594	1.134	1.665
Handbært fé frá rekstri	55.983	24.189	-107.606	-54.686	-58.862
Fjármunahreyfingar	-66.485	5.984	35.573	-34.877	66.233
Hreinn lánsfjárfjöfnuður	-10.502	30.173	-72.033	-89.563	7.371
Afborganir lána	-33.499	-45.934	-99.170	-140.902	-143.862
Innanlands	-22.269	-30.022	-72.821	-72.837	-56.315
Erlendis	-11.230	-15.912	-26.349	-68.065	-87.547
Greiðslur til LSR og LH	-3.300	-3.300	0	0	0
Lánsfjárfjöfnuður brúttó	-47.301	-19.061	-171.203	-230.465	-136.491
Lántökur	58.383	198.081	177.373	298.298	226.802
Innanlands	58.206	101.710	169.777	166.497	106.760
Erlendis	177	96.370	7.596	131.801	120.042
Breyting á handbæru fé	11.081	179.020	6.170	67.833	90.311

Innheimtar tekjur ríkissjóðs námu 370,3 ma.kr. á fyrstu tíu mánuðum ársins og drógust saman um 1,2% miðað við sama tímabil á síðasta ári. Þar munar mest um lægri tekjur af sölu eigna er þær námu 672 m.kr. á tímabilinu samanborið við 19,6 ma.kr. á síðasta ári vegna Avens-samkomulagsins svonefnda. Ef litið er framhjá tekjum af sölu eigna jókst innheimtan um 4,1% á milli ára. Í tekjuáætlun fjárlaga var gert ráð fyrir tekjum að fjárhæð 363,2 ma.kr. á tímabilinu janúar-október 2010 og því er innheimtan á fyrstu tíu mánuðum ársins 7,1 ma.kr. eða 2,0% yfir áætlun.

Skatttekjur og tryggingagjöld jukust um 5,4% á milli ára og námu 344,6 ma.kr. á umræddu tímabili sem er 3,9% yfir tekjuáætlun fjárlaga. Þar af jukust tekjur af tekjuskatti lögaðila einna mest eða um 17,1% og námu 10,8 ma.kr. sem er 3,7% yfir áætlun. Tekjur af

fjármagnstekjuskatti jukust um 9,5% á milli ára og námu 29,1 ma.kr. sem er 27% yfir áætlun. Þá námu tekjur af tryggingagjöldum 54,3 ma.kr. á tímabilinu sem er 8,0% aukning á milli ára og 2,9% yfir tekjuáætlun, en nýlegir kjarasamningar hafa þar mikil áhrif.

Tekjuskattur einstaklinga jókst um 3,0% á fyrstu tíu mánuðum ársins miðað sama tímabil í fyrra og nam alls 74,0 ma.kr. sem er 5,9% hærrí fjárhæð en reiknað var með í tekjuáætlun fjárlaga. Hér gætir m.a. áhrifa nýlegra kjarasamninga en launahækkanir urðu meiri en reiknað var með í tekjuáætlun fjárlaga. Eignarskattar námu 7,0 ma.kr. á tímabilinu sem er 19,9% aukning á milli ára. Aukninguna má að mestu rekja til hærrí tekna af auðlegðarskatti en hann skilaði 3,6 ma.kr. á tímabilinu samanborið við 2,0 ma.kr. á síðasta ári sem aftur má að mestu rekja til tekna af viðbótarálagningu. Tekjur af stimpilgjöldum jukust einnig nokkuð á milli ára eða um 5,7% og námu 2,3 ma.kr. á tímabilinu.


Tekjur ríkissjóðs janúar-október 2009-2011

	Milljónir króna			Breyting frá fyrra ári, %		
	2009	2010	2011	2009	2010	2011
Skatttekjur og tryggingagjöld	301.966	326.929	344.630	-9,6	8,3	5,4
Skattar á tekjur og hagnað	118.264	107.648	113.885	-8,1	-9,0	5,8
Tekjuskattur einstaklinga	66.063	71.849	73.992	-8,3	8,8	3,0
Tekjuskattur lögaðila	12.070	9.188	10.758	-41,0	-23,9	17,1
Skattur á fjármagnstekjur	40.131	26.612	29.134	10,8	-33,7	9,5
Eignarskattar	3.989	5.873	7.044	-40,7	47,2	19,9
Skattar á vöru og þjónustu	135.708	151.789	156.907	-13,0	11,8	3,4
Virðisaukaskattur	93.375	102.078	102.869	-15,3	9,3	0,8
Vörugjöld af ökutækjum	1.571	1.289	2.199	-78,0	-17,9	70,6
Vörugjöld af bensíni	9.149	9.655	10.055	23,6	5,5	4,1
Skattar á olíu	6.074	6.006	6.029	-3,0	-1,1	0,4
Áfengisgjald og tóbaksgjald	11.427	12.233	12.742	15,9	7,1	4,2
Aðrir skattar á vöru og þjónustu	14.111	20.526	23.013	-6,9	45,5	12,1
Tollar og aðflutningsgjöld	3.981	4.742	5.484	-18,4	19,1	15,7
Aðrir skattar	6.419	6.599	7.018	92,6	2,8	6,3
Tryggingagjöld	33.605	50.278	54.292	-2,1	49,6	8,0
Fjárframlög	430	703	723	27,0	63,4	2,9
Aðrar tekjur	42.663	27.599	24.323	32,2	-35,3	-11,9
Sala eigna	496	19.592	672	-	-	-
Tekjur alls	345.554	374.822	370.349	-6,5	8,5	-1,2

Skattar á vörur og þjónustu námu 156,9 ma.kr. á fyrstu tíu mánuðum ársins sem er 3,4% aukning á milli ára. Innheimta tímabilsins er aðeins 0,4% undir tekjuáætlun þrátt fyrir umtalsverð frávik á einstökum liðum. Þannig eru vörugjöld af ökutækjum ríflega 54% yfir áætlun á meðan flestir aðrir liðir veltuskatta eru undir áætlun. Ef litið er til fjögurra mánaða meðaltals nemur uppsöfnuð hækkun tímabilsins 3,3% umfram verðlagsbreytingar (sjá

mynd) og ef litið er til tólf mánaða meðaltals nemur hækkunin 0,6% umfram verðlagsbreytingar. Við þessa útreikninga er stuðst við vísitölu neysluverðs án húsnæðis.

**Raunbreyting skatta á vöru og þjónustu milli ára,
m.v. 4 mánaða hlaupandi meðaltal**



Áréttað skal að myndin sýnir ekki þróun undirliggjandi skattstofna heldur tekjur ríkissjóðs á hverjum tíma (umfram almenna verðlagshækkun). Skattahækkningar hafa því áhrif á þann feril sem myndin sýnir.

Virðisaukaskattur vegur þyngst meðal veltuskatta og námu tekjur af honum 102,9 ma.kr. á fyrstu tíu mánuðum ársins sem er 0,8% hækkun að nafnvirði á milli ára. Innheimta virðisaukaskatts á tímabilinu er 0,6% yfir tekjuáætlun fjárlaga. Aðrir veigamiklir liðir meðal óbeinna gjalda eru vörugjöld af ökutækjum, bensíni og olú, áfengisgjöld, tóbaksgjöld og bifreiðagjöld. Af þessum liðum jukust vörugjöld af ökutækjum mest á milli ára eða um 70,6% enda hefur innflutningur bifreiða aukist verulega á árinu. Vörugjöld af bensíni og olú námu samtals 15,4 ma.kr. á fyrstu tíu mánuðum ársins og hafa þar með aukist lítillega á milli ára. Þar af nema tekjur af olúgjaldi 5,4 ma.kr. og tekjur af vörugjöldum af bensíni 10,1 ma.kr. Vörugjöld af bensíni voru 1,6% undir áætlun og tekju af olúgjaldi 5,8% undir áætlun.

Tekjur af tóbaksgjaldi námu 4,3 ma.kr. á tímabilinu sem er 7,7% aukning á milli ára en 0,7% undir tekjuáætlun fjárlaga. Með hliðsjón af tölum yfir tóbakssölu sést að heildarskattstofn tóbaksgjalds hefur dregist nokkuð saman á árinu en til að mynda hefur magn selds reyktóbaks dregist saman um 9,6%, magn vindla um 7,7% og magn vindlinga um 5,7%. Sala neftóbaks hefur aftur á móti aukist umtalsvert eða um 12,1% í kílóum talið á milli ára. Tekjur af áfengisgjaldi námu 8,5 ma.kr. á fyrstu tíu mánuðum ársins sem er 2,5% aukning á milli ára og 2,4% undir tekjuáætlun. Tölur yfir áfengissölu benda til þess að skattstofn áfengisgjalds hafi dregist saman um 3,0% á milli ára. Við gerð fjárlaga 2011 var gert ráð fyrir að sala á áfengi myndi aukast lítillega á milli ára í öllum helstu flokkum en að tóbakssala myndi dragast saman um hátt í 4%. Aðrar tekjur námu alls 24,3 ma.kr. sem er 5,9 ma.kr. undir áætlun. Frávikið frá áætlun má rekja til fjárframlaga sem voru 6 ma.kr.

undir áætlun vegna vaxtaniðurgreiðslufjármögnunar, en þess ber að gera að sú áætlun hefur verið lækkuð í tekjuáætlun fjáráukalaga.

Greidd gjöld námu 430,9 ma.kr. og jukust um 1,2 ma.kr. milli ára, eða um 0,3%. Greidd gjöld voru yfir fjárheimildum tímabilsins um 3,0 ma.kr. eða 0,7%. Útgjöld til málaflokka breyttust mismikið milli ára, en frekari greiningu á frávikum hvers málaflokks er að finna hér að neðan.

Vaxtagjöld ríkissjóðs drógust saman um 1,4 ma.kr. milli ára og voru jafnframt 550 m.kr. innan heimilda. Útgjöld til almennrar opinberrar þjónustu jukust um 760 m.kr. milli ára en voru 2,3 ma.kr. innan fjárheimilda. Útgjöld til almannatrygginga og velferðarmála voru 7,6 ma.kr. hærrí en á sama tímabili 2010. Jafnframt voru þau 8,1 ma.kr. umfram heimildir tímabilsins. Útgjöld vegna Lífeyristrygginga jukust um 9,1 ma.kr. milli ára og voru jafnframt um 7,1 ma.kr. umfram heimildir. Þá jukust bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð um 1,4 ma.kr. milli ára. Greiddar vaxtabætur voru 7,1 ma.kr. hærrí en á fyrra ári sem skýrist að mestu með sérstakri vaxtaniðurgreiðslu að upphæð rúmlega 6 ma.kr. Á móti drógust útgjöld saman um 8,8 ma.kr. milli ára vegna flutnings á málefnum fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga. Þá voru greiddar barnabætur 1,5 ma.kr. lægri en á sama tímabili í fyrra, útgjöld Atvinnuleysistryggingasjóðs 449 m.kr. lægri og útgjöld Fæðingaorlofssjóðs 934 m.kr. lægri.

Útgjöld til heilbrigðismála jukust um 2,3 ma.kr. milli ára og voru 3,2 ma.kr. umfram heimildir. Útgjöld Landspítala jukust um 1 ma.kr. milli ára og voru 2,4 ma.kr. umfram heimildir ársins sem skýrist með uppsöfnuðum rekstrarhalla frá fyrri árum sem dregst frá heimildum ársins. Þá jukust útgjöld vegna Sjúkratrygginga um 653 m.kr. milli ára og voru 2,3 ma.kr. umfram heimildir tímabilsins. Útgjöld til efnahags- og atvinnumála drógust saman milli ára um tæpa 4 ma.kr. og voru jafnframt 4,5 ma.kr. innan heimilda tímabilsins. Þar vegur þyngst að ýmsar framkvæmdir hafa farið hægar af stað en gert var ráð fyrir. Til dæmis dragast útgjöld Vegagerðarinnar saman um 4,7 ma.kr. milli ára og eru jafnframt 572 m.kr. innan heimilda. Þá dragast útgjöld vegna hafnarframkvæmda saman um 755 m.kr. á milli ára. Útgjöld til menntamála voru 1,8 ma.kr. lægri en á sama tímabili í fyrra og voru jafnframt 1,3 ma.kr. innan fjárheimilda tímabilsins. Útgjöld Lánasjóðs íslenskra námsmanna drógust saman um 1,4 ma.kr. á milli ára en voru í takt við heimildir. Útgjöld Háskóla Íslands drógust lítillaga saman á milli ára en voru 801 m.kr. innan heimilda á fyrstu 10 mánuðum ársins. Útgjöld til menningar-, íþróttar- og trúmála voru 206 m.kr. lægri en á sama tímabili í fyrra og voru 853 m.kr. innan fjárheimilda tímabilsins.

Útgjöld til löggæslu, réttargæslu og öryggismála jukust um 1,4 ma.kr. milli ára á milli ára en voru í jafnvægi við heimildir tímabilsins. Útgjöld Ofanflóðasjóðs eru 697 m.kr. innan heimilda en aukast um 462 m.kr. milli ára. Útgjöld sérstaks saksóknara aukast um 313 m.kr. þrátt fyrir að vera 348 m.kr. innan fjárheimilda. Útgjöld til umhverfisverndar jukust lítillaga milli ára eða um 116 m.kr. og voru 176 m.kr. umfram áætlanir. Útgjöld til Varnarmála drógust saman um 119 m.kr. milli ára en voru 26 m.kr. umfram heimildir tímabilsins. Útgjöld til húsnæðis- skipulags- og veitumála drógust saman um 224 m.kr. milli ára og voru 262 m.kr. innan heimilda tímabilsins. Óregluleg útgjöld drógust saman um 3,3 ma.kr. milli ára en voru 1,2 ma.kr. yfir fjárheimildum. Þessi samdráttur milli ára skýrist að mestu með útgjöldum

vegna Ríkisábyrgða sem voru gjaldfærðar þarna í fyrra en flokkast nú með vaxtagjöldum. Útgjöld vegna lífeyrisskuldbindinga voru 629 m.kr. umfram fjárheimildir og greiddur fjármagnstekjuskattur ríkissjóðs 533 m.kr. hærri en heimildir gerðu ráð fyrir.

Gjöld ríkissjóðs janúar-október 2009-2011

	Milljónir króna			Breyting frá fyrra ári, %	
	2009	2010	2011	2010	2011
Almenn opinber þjónusta	96.893	95.177	94.509	-1,8	-0,7
þar af vaxtagreiðslur	57.582	58.410	56.981	1,4	-2,4
Varnarmál	1.285	1.215	1.096	-5,4	-9,8
Löggæsla, réttargæsla og öryggismál	18.022	14.834	16.296	-17,7	9,9
Efnahags- og atvinnumál	54.540	48.627	44.664	-10,8	-8,2
Umhverfisvernd	3.682	3.844	3.960	4,4	3,0
Húsnæðis- skipulags- og veitumál	528	537	313	1,7	-41,7
Heilbrigðismál	94.790	91.963	94.290	-3,0	2,5
Menningar-, íþrótt- og trúmál	15.545	13.361	13.156	-14,0	-1,5
Menntamál	38.432	40.584	38.797	5,6	-4,4
Almannatryggingar og velferðarmál	112.261	106.894	114.499	-4,8	7,1
Óregluleg útgjöld	10.199	12.633	9.299	23,9	-26,4
Gjöld alls	446.178	429.669	430.877	-3,7	0,3

Lánsfjárfjöfnuður ríkissjóðs. Hreinn lánsfjárfjöfnuður var jákvæður um 7,4 ma.kr. sem er 96,9 ma.kr. betri staða en á sama tíma í fyrra. Aðallega er um að ræða 58,5 ma.kr. lækkun á veittu gjaldeyrisforðaláni til Seðlabankans eftir að ríkissjóður keypti í maí upp samsvarandi skuldir vegna láns á gjalddaga síðar á þessu ári og uppgreiðslu gjaldeyrisforðaláns í september sl. sem ríkissjóður veitti Seðlabanka 2008.

Afborganir af lánum ríkissjóðs fyrstu 10 mánuði ársins námu 143,9 ma.kr. Afborganir innlendra skulda námu 56,3 ma.kr. og er að stærstum hluta um að ræða flokk ríkisbréfa á gjalddaga í júlí að fjárhæð 53,4 ma.kr. Afborganir erlendra skulda námu tæplega 87,6 ma.kr. Aðallega er um að ræða uppkaup ríkissjóðs í maí sl. fyrir 65,6 ma.kr. og uppgreiðslu á gjaldeyrisforðaláni í september sl. sem tekið var 2008.

Lántökur námu 226,8 ma.kr. í lok október. Innlendar lántökur námu 106,8 ma.kr. Gefin hafa verið út ríkisverðbréf fyrir 120,4 milljarða en á móti lækkaði stofn ríkisvixla um 13,6 milljarða. Erlendar lántökur námu rúmum 120 ma.kr. Í júní gaf ríkissjóður út á erlendum mörkuðum skuldabréf að fjárhæð 1 ma.USD, að jafnvirði 116,3 ma.kr. Endurmat gjaldeyrisreikninga nam 3,8 ma.kr. í lok október.